

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

27. mars 2017 kl. 8:15

Mættir voru: Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson, húsvörður, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, kennari, Smári Þorbjörnsson, kennari, Áslaug Pálsdóttir, varamaður fyrir Þorvar, Bjarki Kristjánsson, fulltrúi nemenda og María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri sem er fundarritari.

1. Næsta skólaár 2017-2018:

Komið inn í skipulagið, okkur vantar kennara á yngsta stigi sem og afleysing á unglingastigi fram í febrúar. Aðstoðarskólastjórastaða verður auglýst. Umræða um að það vanti einn nemanda inn í skólaráðið og það væri gott að sá sem væri í skólaráði væri einnig í nemendaráði, þannig að tenging verði milli þessara aðila. Ekkert sem segir að það þurfi að vera nemendur á unglingastigi, geta verið yngri nemendur. Á næsta ári verða áfram byggingaframkvæmdir, erum að skoða frímínútur. Akstur verður áfram fram í mars á næsta ári en þá verður íþróttahúsið tilbúið. Umræða um að skólalóðin er erfið.

2. Agamál/frímínútur

Agamál tengjast frímínútum mikið. Mikið búið að vinna með tvo árganga í vetur, 3. og 5. bekk. Hefur gengið vel með 5. bekk og við sjáum árangur. Höfum verið að glíma við orðfæri hjá 3. bekk. Höfum fengið Vöndu Sigurgeirsdóttur til aðstoðar og erum með fund með foreldrum í kvöld. Hugmynd sett fram að skólaráð skrifi til bæjaryfirvalda og íti á að lóðin verði löguð. Einnig hugmynd um hvort hægt sé að bærinn geti sett fram meira fjármagn vegna þess að lóðin er ekki örugg. Þarf að skoða það. Umræða um vinaliðaverkefni. Einnig umræða um að virkja eldri nemendur í útivist og þeir safni fyrir útskriftarferð. Þurfum einnig að skoða betur hvar nemendur koma inn með tilliti til þess hvar nemendur komi inn, þannig að álagið minnki.

3. Skólasundið

Kom fyrirspurn um að nemendur væru ekki að fá þann tíma í sundi sem þeim ber. Hver tími hjá okkur er ein og hálf kennslustund og út frá því reiknum við tímann og þau ná lágmarkinu sem er 18-20 tímar. Sumir árgangar eru allan veturinn í sundi. Í Kórnum er gryfja en ekki tilbúin sem sundlaug og ekki hefur heyrst að hún verði kláruð sem sundlaug. Skólarnir í efri byggðum Kópavogs (Vatnsenda-, Hörðuvalla- og Salaskóla) hafa skipt sundlauginni á milli sín. Heilmikið þússluspil að skipuleggja sundið. Ágætt að benda foreldrum á að við erum að uppfylla lágmarks tíma. Hugmynd um að koma þessu inn í Dægradvöl á næsta ári.

4. Ný persónuverndarlög

Mikil breyting á nýjum persónuverndarlögum. Gæti orðið breytingar varðandi Mentor, sérstaklega fyrir foreldrafélagið. Þarf að skoða þessi lög vel og Menntasvið Kópavogsbæjar er að skoða þetta vel. Skólar og foreldrar verða að vinna saman að því að Fráleitt að foreldrar geti frábeðið sig því að fá póst frá foreldrafélaginu. Þurfum að láta í okkur heyra og vera

vakandi yfir þessu. Ýmislegt varðandi skráningar og ekki skráningar sem kemur þarna fram. Þarf að gæta að því sem sett er inn á Mentor því þetta eru gögn sem geta verið opin öllum. Mikið dregið úr að kennarar setji inn upplýsingar í Mentor, nýta aðrar aðferðir.

5. Önnur mál:

Skíðaferð foreldrafélagsins gekk mjög vel og mikil ánægja með hana. Átti að vera á skipulagsdegi 13. mars en þá var lokað á svæðinu. Farið var föstudaginn 17. mars. Hugmynd foreldrafélagsins er að koma skíðaferð inn í skóladagatalið og taka einn af útivistardögum vorsins í þetta. Hugmynd um að 8. bekkur gisti eina nótt. Foreldrafélagið gæti komið inn í þetta. Gæti verið erfitt vegna þess að skólinn má ekki rukka fyrir ferðir. Skólinn hefur haft samráð við bekkjarfulltrúa og þannig hafa hlutirnir gengið. Verður að vera í nafni foreldrafélagsins með stuðningi skólans. Þurfum að ræða þetta betur.

Fundi slitið kl. 9:35